

## STEFNA

Enor ehf.  
kt. 530612-2010  
Hafnarstræti 53  
Akureyri

**Gerir kunnugt** að það þurfi að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Ríkiskaupum, kt. 660169-4749, Borgartúni 7c, 105, Reykjavík og Hafnarfjarðarbæ, kt. 590169-7579, Strandgötu 6, 220 Hafnarfirði.

**Fyrirsvar.** Fyrirsvarsmaður stefnda, Ríkiskaupa, er forstjóri stofnunarinnar Halldór Ólafur Sigurðsson, kt. 170553-4709, Hólmgarði 51, 108 Reykjavík. Fyrirsvarsmaður stefnda Hafnarfjarðarbæjar er Rósa Guðbjartsdóttir, kt. 291165-3899, bæjarstjóri, Kirkjuvegi 7, 220 Hafnarfirði.

**Dómkröfur.** Stefnandi gerir þær dómkröfur að felldur verði úr gildi úrskurður kærunefndar útboðsmála frá 11. febrúar 2019 í máli nr. 24/2015B, Enor ehf. gegn Hafnarfjarðarbæ, Ríkiskaupum og PricewaterhouseCoopers ehf.

Að auki er þess krafist að stefndu verði dæmdir sameiginlega (in solidum) til greiðslu málskostnaðar samkvæmt málskostnaðarreikningi, sem lagður verður fram við aðalmeðferð, eða samkvæmt mati dómsins.

**Málflutningsumboð:** Undirritaður lögmaður, Hannes J. Hafstein, Pacta Lögmonnum, Katrínartúni 4, 105 Reykjavík, flytur mál þetta fyrir stefnanda.

**Málsatvik:** Með örútbóði nr. 20148 þar sem útboðslýsing var send út þann 21. september 2015. óskaði stefndi Ríkiskaup fyrir hönd stefnda Hafnarfjarðarbæjar eftir tilboðum í endurskoðun ársreiknings frá og með reikningsárinu 2015 að telja til og með reikningsársins 2019. Nánar tiltekið náði örútbóðið til endurskoðunar fyrir Hafnarfjarðarbæ, Hafnarfjarðarhöfn og GN eignir ehf.

Um var að ræða örútbóð innan rammisamnings 15392 RK 14.21 og var örútbóðið sent í tölvupósti til seljenda samkvæmt rammisamningnum.

Í útbóðinu var bjóðendum gert að senda upplýsingar um framboðið endurskoðunarteymi og í almennri lýsingu á umfangi verksins var gerð krafa um að viðkomandi *endurskoðunarskrifstofa* skyldi hafa reynslu af endurskoðun sveitarfélaga og þekki lagaumhverfi þeirra.

Gerð var sú krafa að bjóðendur skyldu fylla inn og skila staðfestingu á reynslu af endurskoðun sveitarfélags sem samanstendur af 1000 íbúum eða stærrí.

Varðandi val á tilboði og matsþætti var tiltekið að heildartilboðsverð væri 100% matsþáttur.

Stefnandi sendi þann 2. október 2015 inn tilboð í framangreint verkefni. Samtals heildartilboðsverð pr. ár án vsk. var kr. 4.725.000,- en tilboðinu fylgdu ítarlegar upplýsingar um stefnanda. Einnig var

í fylgigögnum að finna drög að endurskoðunaráætlun ásamt upplýsingum um endurskoðunarteymi stefnanda. Af fylgigögnunum er ljóst að starfsmenn stefnanda hafa mikla reynslu af verkefnum fyrir sveitarfélög og hafa þeir m.a. leitt endurskoðun fyrir sveitarfélagið Skagaströnd, Norðurþing og Eyþing ásamt fleiri verkefnum á þessu sviði.

Eftir framlagningu tilboðsins barst tölvupóstur frá Ríkiskaupum þann 12. október 2015 þar sem óskað er eftir staðfestingu frá stefnanda á reynslu hans af endurskoðun sveitarfélags með 1000 íbúum eða stærra.

Fyrirsvarsmaður stefnanda svaraði póstinum sama dag. Þar er tekið fram að talið hefði verið að staðfestingin hefði komið skýrt fram í gögnunum sem fylgdu tilboðinu. Með svarinu fylgdu ársreikningar Norðurþings fyrir árin 2006-2010 þar sem fram kemur að fyrirsvarsmaður stefnanda áritar og ber ábyrgð á endurskoðun sveitarfélagsins Norðurþings þessi ár en í sveitarfélaginu var fjöldi íbúa á bilinu 2500-3000 þessi ár. Einnig er tekið fram að stefnandi sé lögaðili sem líkt og aðrir bjóðendur (sem eru lögaðilar) geta ekki verið með reynslu af endurskoðun heldur einstaklingarnir sem vinna verkin og bera ábyrgð á þeim.

Þann 30. október 2015 barst svo tilkynning um niðurstöður örútbóðsins 20148 Endurskoðun Hafnarfjarðarbæjar í tölvupósti. Í tilkynningunni kom fram að ákveðið hefði verið að taka tilboði frá öðrum aðila að fjárhæð kr. 5.795.000. án vsk. í örútbóðinu innan rammásamnings, enda hefði tilboðið verið metið hagstæðast fyrir kaupanda samkvæmt matslíkani útboðslýsingar. Verð var 100% matsþátta og var tilboð talið lægst gildra tilboða. Upplýst var um að tilboðið væri endanlega samþykkt og því kominn á bindandi samningur milli aðila.

Kaupandi ákvað því að taka tilboði sem var tæplega 23% hærra en tilboð stefnanda.

Í beinu framhaldi tilkynningar um niðurstöðu útboðsins var stefnanda sendur rökstuðningur í tölvupósti. Þar kemur fram að í örútbóðsgögnum sem send voru dags. 21.09.2015 hafi verið tekið fram að eftirfarandi kröfur séu gerðar til bjóðanda; Kröfur um reynslu af endurskoðun sveitarfélags sem samanstendur af 1000 íbúum eða stærra. Er í rökstuðningi talið ljóst samkvæmt útboðsgögnum að krafa þessi snúi að bjóðandanum sjálfum. Bjóðandi sé skilgreindur sem það fyrirtæki sem lagt hefur fram tilboð í útboði. Þá komi heitið „bjóðandi“ víða fyrir í örútbóðsgögnum og ávallt sé átt við fyrirtækið en ekki starfsmenn þess. Krafa um reynslu af endurskoðun sveitarfélags sem samanstendur af 1000 íbúum eða stærra hafi því ekki verið gerð til starfsmanna fyrirtækis heldur bjóðandans sjálfs. Samkvæmt mati kaupanda hafi stefnandi því ekki uppfyllt kröfur örútbóðsgagna og tilboð hans því ekki gilt.

Bæði í tölvupóstum þar sem tilkynnt er um niðurstöðu útboðsins og rökstuðningur fyrir niðurstöðu er veittur er vísað til XIV. kafla laga nr. 84/2007, um opinber innkaup, (OIL) um kærufnd útboðsmála um hvernig hægt væri að kæra ákvarðanirnar.

Stefnandi taldi að forsendur fyrir að telja tilboð hans ekki gilt væru rangar og hann hefði uppfyllt öll skilyrði tilboðsins. Var stefnanda því nauðsyn til að kæra örútbóð nr. 20148 til kærufndar útboðsmála og var það gert með kæru móttækinni þann 11. nóvember 2015. Varnaraðilum, stefndu í þessu máli, var gefinn kostur á að gera athugasemdir við kæruna og skiluðu þeir greinargerð þann 1. desember 2015 en stefndi PricewaterhouseCoopers ehf. lét málið ekki til sín taka. Stefndi skilaði svo andsvörum við greinargerð varnaraðila þann 28. desember 2015.

Ein krafa varnaraðila var sú að málinu yrði vísað frá kærufnd þar sem kærufrestur samkvæmt 1. mgr. 94. gr. laga nr. 84/2007, um opinber innkaup, hafi verið liðinn. Kærufnd útboðsmála féllst á þessa kröfu og vísaði kröfum stefnanda því frá nefndinni með úrskurði, dags. 7. mars 2016. Byggði nefndin frávísunina á því að fulltrúum stefnanda hefði ekki getað dulist að samkvæmt gögnum

örútboðsins, frá 21. september 2015, væri ekki talið fullnægjandi að aðeins starfsmenn endurskoðendaskrifstofu hefðu umrædda reynslu heldur væri hér vísað til bjóðenda. Því hafi kærufrestur verið liðinn þegar kæran barst.

Stefnandi var ósammála þessari niðurstöðu og höfðaði því mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur þar sem þess var krafist að úrskurður kærunefndar útboðsmála um að vísa frá nefndinni kröfum stefnanda yrði felldur úr gildi.

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, dags. 20. mars 2017, var fallist á kröfu stefnanda og var úrskurður kærunefndar útboðsmála frá 7. mars. 2016 í máli nr. 24/2015 felldur úr gildi. Kröfum stefnanda á hendur PricewaterhouseCoopers var vísað frá dómi þar sem kröfur stefnanda beindust ekki að neinu leyti á hendur félaginu.

Ríkiskaup og Hafnarfjarðarbær leituðu leyfis til áfrýjunar málsins til Hæstaréttar en beiðni um áfrýjunarleyfi var synjað. Kærunefnd útboðsmála var þann 3. október 2017 upplýst um synjun áfrýjunarleyfis og með bréfi stefnanda til kærunefndarinnar, dags. 3. mars 2018 krafðist stefnandi þess að mál nr. 24/2015 yrði endurupptekið. Með ákvörðun, dags. 9 nóvember 2018, féllst kærunefnd útboðsmála á endurupptöku málsins. Var aðilum málsins gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum og gögnum eftir ákvörðun um endurupptöku. Aðilar vísuðu til sömu krafna og sjónarmiða og áður fyrir utan PricewaterhouseCoopers sem lét málið ekki til sín taka.

Kærunefnd útboðsmála kvað svo upp úrskurð í máli nr. 24/2015B þann 11. febrúar 2019 þar sem kröfum stefnanda vegna örútboðs nr. 20148 innan rammamál nr. 15392 vegna endurskoðunar ársreiknings fyrir Hafnarfjarðarbæ, Hafnarfjarðarhöfn og GN eignir ehf. er hafnað. Féllst kærunefndin ekki á þær röksemdir stefnanda að skilmálar útboðsins og það mat verkkaupa varðandi að ekki var talið fullnægjandi að starfsmenn hlutaðeigandi endurskoðunarfyrirtækis hefðu tiltekna reynslu af endurskoðun sveitarfélaga heldur væri vísað til fyrirtækjanna sjálfra hafi raskað jafnræði, verið ómálefnalegir eða að öðru leyti ólögmatir.

Stefnandi er ósammála þessari niðurstöðu kærunefndarinnar og er því nauðsynlegt að höfða mál þetta til ógildingar ákvörðunarinnar.

**Málsástæður og lagarök:** Stefnandi byggir kröfu sína um ógildingu úrskurðar kærunefndar útboðsmála á því að niðurstaða kærunefndarinnar hafi verið röng þar sem og túlkun stefndu á skilmálum útboðsins hafi verið ólögmat og mat þeirra á tilboði stefnanda hafi verið ómálefnalegt.

Eins og rakið er í kæru er stefnandi aðili að rammamál nr. 15392 RK 14.21 sem örútboð 20148 byggði á og uppfyllir öll skilyrði sem eru til aðildar að honum. Á bls. 3 í útboðslýsingu fyrir örútboðið var í umfjöllun um umfang verks sett það skilyrði að *endurskoðunarskrifstofa* skuli hafi reynslu af endurskoðun sveitarfélaga og þekki lagaumhverfi þeirra. Ekki er því um beina tilvísun til fyrirtækisins sem slíks að ræða heldur mátti stefnandi með réttu túlka ákvæðið þannig að innan bjóðanda (fyrirtækisins) væri að finna nægilega þekkingu og reynslu. Í kafla um kröfur er síðan tiltekið að *bjóðendur* skulu fylla inn og skila staðfestingu á reynslu af endurskoðun sveitarfélags sem samanstendur að 1000 íbúum eða stærra. Með réttu mátti stefnandi hér ætla að bjóðendur gætu uppfyllt skilyrði um reynslu með staðfestingu á að starfsmenn þeirra uppfylltu þessi skilyrði. Augljóst er að fyrirtæki geta ekki uppfyllt kröfur um reynslu og þekkingu án þess að tengja það við ákveðna starfsmenn sem búa yfir þeirri þekkingu og reynslu sem krafist er. Í þessu sambandi er einnig rétt að benda á að í lögum um endurskoðendur kemur fram að enginn hafi heimild til að endurskoða nema að hafa til þess löggildingu en einungis einstaklingar geta fengið þessa löggildingu. Í ljósi þessa kemur sérstaklega á óvart sú nálgun Ríkiskaupa að byggja á því að einhver sem ekki má endurskoða (nema vegna þess að hann hefur endurskoðanda í vinnu hjá sér sem framkvæmir verkið) teljist hafa yfir nægilegri reynslu og þekkingu að ráða án þess að hún

tengist einstaklingi. Einnig að bjóðendur hefðu átt að gera sér grein fyrir að þannig bæri að líta á, þ.e. að þekking og réttindi sem eingöngu eru bundin við einstakling skv. lögum ættu allt í einu að vera bundin við það fyrirtæki sem er aðili að rammasamningnum.

Í framhaldi af tilboði stefnanda beindi Ríkiskaup erindi til stefnanda með tölvupósti þann 12. október 2015 þar sem óskað var eftir staðfestingu á reynslu hans. Stefnandi svaraði tölvupóstinum samdægurs með frekari gögnum og upplýsingum. Engin viðbrögð bárust frá Ríkiskaupum í framhaldi af svari þessu og mátti því stefnandi ekki ætla annað en að tilboð hans væri til meðferðar og gögn væru metin fullnægjandi.

Tilkynning um niðurstöðu örútbóðsins barst síðan þann 30. október 2015 og í beinu framhaldi var stefnanda sendur rökstuðningur þar sem fyrst kemur fram á hvaða grunni stefndu töldu tilboð hans ekki gilt.

Rangt er það sem haldið er fram í rökstuðningi að visað sé til *fyrirtækis* í útboðsgögnum varðandi reynslu. Í útboðsgögnum er krafa um að viðkomandi *endurskoðunarskrifstofa skuli hafa reynslu* af endurskoðun sveitarfélaga og þekki lagaumhverfi þeirra. Augljóslega er hér átt við að innan endurskoðunarskrifstofunnar sé að finna starfsmenn með nægilega þekkingu og reynslu. Reynsla og þekking á endurskoðun innan fyrirtækis getur aldrei verið annað en bundin við þá starfsmenn sem þar starfa á hverjum tíma. Láti starfsmenn af störfum glatast sú þekking og reynsla sem þeir búa yfir umfram aðra starfsmenn en það er m.a. með hliðsjón af þessu sem stefnandi veitti í útboðinu upplýsingar um þá starfsmenn sem að framkvæmd þjónustunnar myndu koma.

Í tilboðsferlinu sýndi stefnandi fram á að fyrirsvarismaður hans, og einn eiganda, áritaði fimm ársreikninga, árin 2006-2010, og bar ábyrgð á endurskoðun Norðurþings í þann árafjölda, þá sem starfsmaður hjá PwC. Þar að auki hafa aðrir löggildir endurskoðendur hjá stefnanda, sem jafnframt eru eigendur stefnanda, stýrt endurskoðun Norðurþings eða unnið að henni um árabíl, þegar þeir voru í starfi hjá PwC. Síðan árið 2012 hefur stefnandi sinnt ráðgjöf fyrir Norðurþing og sinnt ytri endurskoðun fyrir Sveitarfélagið Skagaströnd, ytri endurskoðun fyrir Norðurorku, innri endurskoðun fyrir HS Orku, ytri endurskoðun fyrir Eyþing (samband sveitarfélaga) ásamt ytri endurskoðun fyrir Félagsþjónustu A-hún.

Umrætt útboð náði til sérfræðiþjónustu sem getur ekki annað en verið bundin við þá starfsmenn sem henni sinna. Aldrei hefur verið dregið í efa að starfsmenn stefnanda uppfylli skilyrði örútbóðsins um nægilega þekkingu og reynslu.

Ljóst er að einstakir lögaðilar geta aldrei sem slíkir sýnt fram á eigin reynslu nema tengja það við ákveðna starfsmenn sem starfa innan lögaðilans og er því rökleysa að halda slíku fram í rökstuðningi fyrir því að tilboð einstakra bjóðenda séu ógild. Má í þessu sambandi til dæmis nefna að ef sá aðili sem búið er að semja við hefði ekki haft neinn endurskoðanda innanborðs er tilboðið var gert en félagið hefði áður unnið verkefni fyrir sveitarfélag þá hefði hann, ef lítið er til röksemda stefndu, uppfyllt skilyrði umrædds útboðs um reynslu. Ljóst er að slík nálgun stenst enga skoðun. Það eru starfsmenn bjóðanda sem hafa sérfræðiþekkinguna og reynslu þrátt fyrir að bjóðandi skrifi út reikning fyrir vinnunni. Einnig verður hér að hafa í huga að það er endurskoðandinn sem áritar persónulega reikninga og ber ábyrgð á vinnunni.

Má því leiða að því rökum að það sé í raun ólöglegt sjónarmið í umræddu útboði að leggja höfuðáherslu á reynslu þess fyrirtækis sem býður þegar sú þjónusta sem boðin er út verður ekki framkvæmd nema af einstaklingi sem hefur til þess löggildingu. Endurskoðun er vinna sem aðeins löggildir endurskoðendur mega sinna og því verður að horfa til þess hverjir innan vébanda þess fyrirtækis sem býður muni sinna starfinu. Endurskoðunarfyrirtæki getur haft innan vébanda sinna starfsmenn sem hafa reynslu af endurskoðun sveitarfélaga, án þess að þeir séu endurskoðendur.



Ef matið á hæfi bjóðanda byggir ekki á því að meta hvort bjóðandi hafi innan vébanda sinna endurskoðanda með löggildingu og reynslu af endurskoðun, þá er skilyrðið um reynslu, eins og það er framkvæmt í tilviki stefndu ólöglegt, því aðeins löggiltir endurskoðendur mega árita ársreikninga sveitarfélaga. Reynslan sem gerð er krafa um verður því að liggja hjá þeim eiganda eða starfsmanni bjóðanda, sem sinna mun verkefninu.

Til stuðnings framangreindu má hér einnig vísa til 2. ml. 46. laga nr. 84/2007 þar sem fram kemur að við mat á hæfi fyrirtækja megi krefjast þess að lögaðili tilgreini **nöfn og starfsmenntun** þeirra starfsmanna sem munu sjá um framkvæmd samningsins þegar m.a. er um að ræða þjónustusamninga. Þetta sýnir ljóslega að mat á hæfi lögaðila hlýtur að byggja á hæfi starfsmannanna. Einnig má í þessu sambandi benda á 50. gr. sömu laga þar sem tiltekið er með hvaða hætti fyrirtæki geta sýnt fram á tæknilega getu sína. Er í ákvæðinu m.a. tekið fram að hægt sé að vísa til þeirra tæknimanna eða tæknilegu aðila sem munu koma að framkvæmd samningsins og með upplýsingum um menntun og starfsréttindi þjónustuveitanda eða verktaka og/eða starfsmanna fyrirtækis, einkum þeirra sem bera munu ábyrgð á viðkomandi þjónustu eða vinnu við verk.

Hér má einnig vísa til almennra regla útboðsréttar sem er að finna í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2004/18/EB frá 31. mars 2004, um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga, vörusamninga og þjónustusamninga. Í 44. gr. tilskipunarinnar er að finna tvö mikilvæg sjónarmið í opinberum innkaupum og útboðsrétti sem ekki eru uppfyllt í tilviki stefndu en það er skilyrði um að hæfi bjóðenda séu málefnaleg og í samræmi við þarfir kaupanda og verkefnið sem leysa á af hendi og hitt að tilgreint sé í tilboðsgögnum hverjar lágmarkskröfur til bjóðenda eru og hvernig færðar verði sönnur á hæfni bjóðenda, ef vikja á frá almennum reglum. Einnig má í þessu sambandi vísa til 46. gr. tilskipunarinnar varðandi bjóðendur sem þurfa að hafa sérstaka heimild en stefndu kölluðu eftir upplýsingum um reynslu bjóðanda eftir opnun tilboða án þess að tilgreina sérstaklega að sýna yrði fram á reynslu stefnanda, sem lögaðila, eða tiltaka að stefndu teldu ófullnægjandi að sýna fram á getu eigenda, stjórnenda eða starfsmanna stefnanda, en það er frávik frá því sem almennt gildir og getur hér ekki talist málefnaleg ástæða þess að ógilda tilboð stefnanda.

Ennfremur má í þessu sambandi benda á að sé fallist á röksemdafærslu og skilyrði stefndu er ómögulegt fyrir nýja aðila að taka þátt í sambærilegum útboðum. Litlu myndi þá skipta hvort bjóðandi myndi ráða til sín fjölda reynslumikilla starfsmanna. Hann myndi ekki teljast vera með gilt tilboð þar sem lögaðilinn hefði ekki reynsluna.

Hér má einnig hafa til hliðjónar að önnur sveitarfélög hafa einnig boðið út endurskoðun á grundvelli sama rammasamnings. Þannig bauð Reykjanesbær út endurskoðun sína en þar voru endanlegir skilmálar með þeim hætti að gerð var krafa um að sá aðili sem stjórnaði verkinu hefði reynslu af endurskoðun sveitarfélaga sem telji 4.000 íbúa eða fleiri. Stefnandi kærði þessa skilmála þar sem hann taldi þá ómálefnalega. Í því máli var ein af röksemdum stefndu, Ríkiskaupa, til stuðnings því að um málefnalegt skilyrði væri að ræða að stefnandi hefði getað ráðið til sín starfsmann til uppfylla kröfurnar.

Í því tilviki sem hér er til skoðunar var ekki raunhæft að byggja tilboð á undirverktöku þar sem ljóst er að það voru aðeins stærstu endurskoðunarskrifstofur landsins sem uppfylltu skilyrðið eins og það er túlkað af stefndu. Þessar skrifstofur eru sjálfar aðilar að rammasamningnum, buðu í verkið í eigin nafni og kom því ekki til greina að semja við þær um undirverktöku við gerð tilboðsins. Styður þetta það sem stefnandi hefur haldið fram að ómálefnaleg sjónarmið hafi ráðið för við ákvörðun skilmálanna og túlkun þeirra.

Með ákvörðun stefndu í umræddu örútbóði var brotið gegn jafnræði þeirra aðila sem þó höfðu verið metnir hæfir til að vera aðilar að umræddum rammisamningi.

Væri fallist á að sjónarmið stefndu um reynslu bjóðanda væru lögmæt hefði engu að síður átt að tilgreina þau skýrlega í útbóðsgögnum. Stefnanda hefði þá átt þess kost að fyrirvarsmaður stefnanda stæði að tilboðinu með stefnanda og þannig uppfyllt skilmála útbóðsins eins og stefndu túlka þá. Ljóst er að tilboð með þessum hætti hefði í engu breytt raunverulegu hæfi þeirra sem ætlað var að framkvæmda það verk sem útbóðið tengdist.

Í því örútbóði sem kæra þessi beinist að voru matsþættir 100% verð. Staðfest var í tölvupósti að stefnandi bauð lægst í verkið en hann uppfyllti einnig öll skilyrði útbóðsins eins og rakið hefur verið hér að ofan. Tilboð hans var því gilt.

Í því máli sem hér er til skoðunar er stefnandi þegar aðili að viðkomandi rammisamningi og hefur verið metinn hæfir til aðildar að honum. Í útbóðslýsingu er gerð krafa um reynslu endurskoðunarskrifstofu en ekki er vísað til fyrirtækisins sem slíks. Stefnandi mátti því með réttu ætla að hér væri gerð krafa um reynslu endurskoðunarteymisins sem var boðið fram. Það var síðan ekki fyrr en með ákvörðun Ríkiskaupa fyrir því að meta tilboð stefnanda ekki gilt að stefnandi var upplýstur um túlkun stefndu á skilmálum útbóðslýsingar.

Af öllu framansögðu virtu telur stefnandi að stefndu hafi farið út fyrir það svigrúm sem þeir höfðu við ákvörðun hæfiskrafna þar sem grunnreglur útbóðsréttar um jafnræði og meðalhóf hafi ekki verið virtar ásamt því að skilyrði til bjóðenda voru ekki reist á hlutlægum grunni. Stefnandi var útilokaður frá útbóðinu með ómálefnalegum hætti og virðisi tilgangur skilmála útbóðsins, eins og þeir voru túlkaðir af stefndu, að aðeins tilteknir bjóðendur gætu boðið í verkið.

**Tilvísanir til lagaákvæða:** Stefnandi byggir kröfur sínar á lögum nr. 84/2007, um opinber innkaup, og meginreglum stjórnsýsluréttar. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 33. gr. laga nr. 91/1991.

**Skýrslutökur:** Á þessu stigi liggur ekki fyrir hvort kveðja þurfi aðila eða vitni fyrir dóm af hálfu stefnanda. Verði tekið til varna af hálfu stefndu áskilur stefnandi sér rétt til að kalla fyrir vitni og/eða skora á fyrirvarsmenn stefndu að mæta fyrir dóminn til skýrslugjafar.

#### **Framlögð gögn:**

- Nr. 1 Stefna þessi.
- Nr. 2 Skjalaskrá
- Nr. 3 Kæra til kærunefndar útbóðsmála, dags. 11. nóvember 2015, ásamt fylgigögnum
- Nr. 4 Athugasemdir Ríkiskaupa og Hafnarfjarðarbæjar við kærana, dags. 1. desember 2015
- Nr. 5 Athugasemdir stefnanda vegna greinargerðar varnaraðila, dags. 28. desember 2015
- Nr. 6 Úrskurður kærunefndar, dags. 7. mars 2016
- Nr. 7 Dómur héraðsdóms Reykjavíkur, dags. 20. mars 2017, í máli nr. E-2486/2017
- Nr. 8 Krafa um endurupptöku máls nr. 24/2015, dags. 9. mars 2018.
- Nr. 9 Sjónarmið stefnanda, dags. 27. nóvember 2018, vegna endurupptöku málsins.
- Nr. 10 Úrskurður Kærunefndar útbóðsmála í máli nr. 24/2015B, dags. 11. febrúar 2019

**Almennur áskilnaður:** Stefnandi áskilur sér rétt til að leggja fram frekari skjallag sönnunargögn og til að koma fram með frekari kröfur, málsástæður, mótmæli og lagarök á síðari stigum málsins, þ.á m. við munnlegan flutning þess.

**Fyrirkall:** Fyrir því stefnist hér með stefndu, til þess að mæta á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í Dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, fimmtudaginn 6. júní 2019, kl. 10.00, er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur hlýða, til sakar að svara og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins má hann búast við því að útvistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er þrjú sólarhringar.

Reykjavík, 3. júní 2019

  
Hannes J. Hafstein, lögmaður

Hef móttakið samrit stefnu þessarar.  
Stefndi Hafnarfjarðarbær hefur falið mér að sækja þing við þingfestingu og halda uppi vörum.  
Mér nægjanlega birt f.h. stefnda Hafnarfjarðarbæjar  
Fallið er frá stefnufresti

Reykjavík, 3. júní 2019

  
Sigrún Þórunn  
beja lögmaður



